

Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps

From: Heida Björk <heida@heidabjork.com>
Sent: mánudagur, 12. september 2022 21:13
To: Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps
Cc: Ragnheiður Eggertsdóttir
Subject: Stofnun samráðshóps

Categories: Komið í fundarboð; PDF

Sjórn íbúasamtakanna *Örugg búseta* óskar eftir því að sveitastjórn stofni samráðshóp hið fyrsta, til að vinna að hagsmunamálum íbúa í heilsárshúsum í GOGG, eins og um var rætt á kosningafundum með báðum framboðslistum í maí síðastliðinn.

Slíkur samráðshópur myndi vinna að lausnum á ýmsum vandkvæðum sem eru á búsetu í heilsárshúsum, en nú eru a.m.k. 50 íbúar sem hafa fasta búsetu í heilsárshúsunum sínum og þeim fer fjölgandi. Íbúar í heilsárshúsum sem hafa flutt lögheimilið sitt í ótilgreint hús í GOGG eru nokkrir tugir sem gefur sveitarfélaginu talsverðar fjárhæðir í formi útsvars.

Það hljóta að vera hagsmunir sveitarfélagsins að hafa yfirlit yfir íbúa sína bæði öryggisins vegna að auki við þá staðreynd að því heildstæðara og samþættara sem samfélagið er, þeim mun minni árekstrar og aukin ánægja íbúa. Samtökin Örugg búseta geta verið sveitarfélaginu til aðstoðar við að ná utan um þessa ósýnilegu íbúa, því félagið heldur skrá yfir búsetu þeirra og getur komið til þeirra upplýsingum.

Þessi samvinna myndi rýma vel við áherslur í umhverfismálum, því heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna til sjálfbærrar þróunar, leggja áherslu á samvinnu sveitarfélags og íbúa og að öllum íbúum verði kleift að taka þátt í félagsmálum og stjórnámálum og leggja þannig sitt á vogarskálarnar í sínu nærumhverfi. Í verkfærakistu til sveitarfélaga til að auðvelda þeim innleiðingu heimsmarkmiðanna, er lögð áhersla á samvinnu við félög og hópa innan sveitarfélagsins.

Sveitarfélag eru byrjuð að innleiða heimsmarkmiðin inn í stefnu sína og stjórnsýslu og sum eru komin vel í gang eins og Kópavogur. Með samráðshópi væri Grímsnes – og grafningshreppur að taka skref til aukinnar sjálfbærni í sveitarfélaginu með auknu samráði við íbúa.

Fyrir hönd stjórnar Öruggrar búsetu. Íbúasamtaka fólks með búsetu í frístundahúsum Grímsnes – og Grafningshrepps.

Heiða Björk Sturludóttir